AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995 - 2015, opið svæði til akstursíþrótta í Innri-Njarðvík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. nóvember 2000 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar frá 28. mars 1996.

Breytingin varðar svæði í Innri-Njarðvík sem skilgreint er sem „opið svæði - skipulagi frestað", en verður „opið svæði til akstursíþrótta ásamt verslun og þjónustu".

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 24. nóvember 2000.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.